

Rangárþing eystra  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 5. febrúar 2019  
UST201902-004/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Rangárþings eystra - Ráðagerði**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á svæði í landi Ráðagerðis í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að skilgreina átta lóðir undir fristundabyggð á um 16,8 ha spildu úr landi Steinmóðsbæjar. Heimilt er að byggja eitt fristundahús og 25 m<sup>2</sup> geymslu á hverri lóð.

#### **Byggingaskilmálar**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillöggunni hver er hámarksstærð fristundahúsa.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og mikilvægt sé að það komi fram í tillöggunni.

#### **Hverfisvernd**

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til hverfisverndarsvæðis Hv-234 Markarfljótsaurar – Tjarnarnes sem er víðfemt svæði. Í gildandi aðalskipulagi kemur eftirfarandi fram varðandi svæðið: „*Fjölbreytt gróðurfar á gömlum aurum Markarfljóts. Ríkulegt fuglalíf, m.a. talsvert skúmavarp. Á náttúrumínjaskrá og hluti af Markarfljótsaurum sem eru á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.*“ Umhverfisstofnun bendir á að skúmur (*Catharacta skua*) er flokkaður sem tegund í bráðri hættu á nýjum válista fugla Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) og er því mikilvægt að það komi fram í tillöggunni hver áhrif framkvæmdarinnar er á búsvæði fuglsins og hvernig skuli forðast allt rask á búsvæði hans.

**Svæði á Náttúruminjaskrá**

Landið sem tillagan nær til er á svæði sem er á náttúruminjaskrá nr. 719 á náttúruminjaskrá og kallast Tjarnir og Tjarnanes. Svæðið er sérstakt með tilliti til gróðurs og dýralífs, en þar er mólendi og votlendi, mikið fuglavarp. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þetta komi fram í tillöggunni, að það komi fram í hver áhrif tillögunnar séu á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur